



Hjalparstarf
kirkjunnar

Starfsskýrsla 2013–2014

Margslungnar rætur – samþættar lausnir

Fyrsta þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna var að eyða fátækt og hungri í heiminum. Undirmarkmið númer eitt var að lækka hlutfall þess fólks sem lifði í örbirgð árið 1990 um helming fyrir árið 2015. Markmiðinu var þegar náð árið 2010 en þrátt fyrir það er áætlað að um einn milljarður jarðarbúa eða einn af hverjum sjö í heiminum muni enn lifa á minna en 1,25 Bandaríkjadal á dag árið 2015. Í Afríku sunnan Sahara býr enn nær helmingur íbúanna eða um 400 milljónir manns við sárafátækt.

Að búa við fátækt, hvort sem hún er algild eða afstæð, þýðir í raun að búa við skertan möguleika á mannsæmandi lífi. Undirrót fátækta getur verið margslungin en á starfssvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku er takmarkaður aðgangur að hreinu vatni ástæða þess að erfitt er að fá öðrum grunnþurfum uppfyllt. Erfitt verður að yrkja jörðina og að halda búfé og þannig verður fæðuöflun ótrygg. Vinnuálag við vatnsburð kemur í veg fyrir skólagöngu stúlkna og að konur nýti tímann til framleiðslu. Skortur á vatni hefur neikvæð áhrif á hreinlæti sem aftur leiðir til sjúkdóma.

Hér heima þar sem 2% landsmanna eða um sex þúsund einstaklingar þjuggu við verulegan skort á efnislegum gæðum árið 2013 er hætta á að fátækir einangrist félagslega og festist í fátæktargildru vegna takmarkaðs aðgangs að félagsstarfi og menntun sökum efnaleysis.

Samkennd og samfélagsleg ábyrgð eiga ekki bara að vera falleg orð sem við notum í ræðum á hátíðarstundum. Við berum öll ábyrgð á meðbræðrum okkar og –systur, í nærsamfélaginu og í fjarlægum löndum. Við búum í hnattrænu samfélagi þar sem ekkert er utan áhrifasvæðis hvers og eins.

Í þessari skýrslu um starfsárið 2013 – 2014 getur þú séð hvernig Hjálparstarf kirkjunnar hefur tvinnnað saman áherslupætti í verkefnum í þágu þeirra sem líða fátækt og óréttlæti. Nánar um hvert verkefni fyrir sig má sjá á www.help.is undir liðnum um okkur, ársskýrslur. Við þökkum stuðninginn við starfið, margt smátt gerir eitt stórt!



Stór verkefni, lítil stofnun – kallar á samvinnu

innanlands . . .

Kirkjur landsins
Félagsþjónustan
Hjálpræðisherinn
Rauði krossinn
Mæðrastyrksnefndir
Heilbrigðisstofnanir
Ráðuneyti
Verkefnanefndir
Þróunarsamvinnustofnun Íslands

actalliance

Hundrað og fjörftu kirkjutengdar hjálparstofnanir, þ.m.t. Hjálparstarf kirkjunnar, taka þátt í alþjóðahjálparstarfi kirkna ACT Alliance. Um 25.000 starfsmenn og sjálfboðaliðar samtakanna veita neyðaraðstoð vegna náttúruhamfara, stríðsástands og fátækta og vinna að þróunarsamvinnu. ACT Alliance stuðlar að réttlæti með því að þrýsta á stjórnvöld og alþjóðastofnanir um umbætur á sviði laga og efnahagsmála.

www.actalliance.org

. . . og utan

Þróunarsamvinna

Indland
Eþíópía
Malaví
Úganda

Neyðaraðstoð

Sýrland
Filippseyjar

- Prestar og félags- og námsráðgjafar um allt land
- taka þátt í starfinu
- Inneignarkort í matvöruverslanir fyrir tekjulágar barnafjölskyldur
- Inneignarkort í matvöruverslanir fyrir tekjulaga einstaklinga utan starfssvæða hjálparstofnana sem aðstoða um mat
- Úthlutun á notuðum fatnaði
- Stuðningur við foreldra vegna skólagöngu og íþrótt- og tómstundastarfs grunnskólabarna
- Stuðningur við framhaldsskólanema vegna náms
- Stuðningur við fullorðna í endurhæfingu vegna náms
- Stuðningur við tekjulaga vegna óvæntra útgjalda svo sem vegna lyfjakaupa
- Stuðningur við tekjulágar fjölskyldur vegna tómstunda í sumarfrí
- Jólaaðstoð
- Fjölskyldu- og einstaklingsráðgjöf
- Fjármálaráðgjöf
- Sjálfstyrkingarnámskeið
- Skipulagt sumarfrí fyrir efnalitlar barnafjölskyldur



Lúterska heimssambandið

Hjálparstarf kirkjunnar vinnur að verkefnum erlendis með Hjálparstarfi Lúterska heimssambandsins, Lutheran World Federation, Department for World Service. Hátt í tvær milljónir manns í 33 löndum nutu aðstoðar samtakanna á árinu. Yfir 2.000 starfsmenn vinna með heimamönnum á hverjum stað sem þekkja vandann af eigin raun og menninguna, venjur og tungumál. LWF DWS er fimmti stærsti samstarfsaðili UNHCR í heiminum.

www.lutheranworld.org



vatn

Aðgangur breytir öllu

Í júl 2010 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna með ályktun 64/292 að aðgangur að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu væru grundvallarmannréttindi. Samt hafa um 800 milljónir jarðarbúa ekki nægan aðgang að drykkjarhæfu vatni. Um 40% þeirra búa í Afríku sunnan Sahara-eyðimerkurinnar.

En hvað telst vera nægur aðgangur og hvað telst vera hreint vatn? Hreint vatn er ómengað; laust við eitrefni, bakteríur, veirur og sníkjudýr. Samkvæmt Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni þarf sérhver manneskja milli 50 og 100 lítra af vatni á dag til að drekka, þvo sér, þvo klæði sín, elda mat, og þrifa heimili sitt. Nægur aðgangur segir stofnunin vera þegar þetta vatnsmagn er innan eins kílómetra frá íverustað og að ekki taki lengur en þrjátíu mínútur að sækja það.

Upp til sveita í löndum sunnan Sahara deila milljónir íbúa vatnsbólum með dýrum. Vatnið er því oftast nær mengað. Konur og stúlkur ganga þar að meðaltali í sex klukkustundir eftir vatni. Þar sem vatn er í meira en eins kílómetra fjarlægð er vatnsneysla hvers og eins oft minni en 5 lítrar á dag. Skortur á drykkjarhæfu vatni og hreinlætisaðstöðu valda bannvænum sjúkdómum. Skortur á aðgengi kemur í veg fyrir að stúlkur gangi í skóla og að konur sinni öðrum brýnum verkefnum en að sækja vatn.

Að tryggja aðgang að hreinu vatni og bæta lífsskilyrði fólks er eitt af meginmarkmiðum Hjálparstarfs kirkjunnar á starfssvæðum stofnunarinnar í Afríku.

Malaví **Epíópía**
Uganda

Vatnsbrærfrafnar
Brunnar byggðir
Söfnunartankar fyrir
rigningarvatn reistir
Vatnsnefndir heima-
manna stofnaðar

Þjálfun veitt í viðhaldi
og stjórn vatnsbóla
Fræðsla veitt um áveitu og
nýtingu vatns til fæðuöryggis

Kamrar reistir, handþvotta-
aðstaða og aðstaða til
þvotta

Fræðsla veitt um nauðsyn
hreinlætis og smitleiðir sjúkdóma
Samvinna við heimafólk
og staðaryfirvöld tryggir
sjálfbærni

Eþíópía Úganda

Hús reist, vatnstankar og kamrar fyrir berskjaldaða sjúklinga og börn þeirra og þeim útvegaður húsbúnaður

Hús reist, vatnstankar og
kamrar fyrir eftirlifandi
börn fólks sem látist hefur
vegna alnæmis og þeim
útvegaður húsbúnaður

Munaðarlaus börn studd til verknáms

Fræðsla veitt um smitleiðir
sjúkdóma og HIV

Fólk hvatt til að fara í HIVpróf og því hjálpað að nálgast lyf

Fræðsla veitt um skaðleg

áhrif limlestingar kynfæra kvenna

Fræðsla veitt um skaðleg áhrif

þess að skera úfinn úr börnum

Samvinna við HIVsmiða í
forvarnarstarfi og til að sporna
gegn fordómum

Samvinna við trúar- og
þorpsleiðtoga um afnám
skaðlegra venja

Bættur aðbúnaður, minni fordómar og afnám skaðlegra venja

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni eru nú um 35 milljónir jarð-
arbúa HIVjávæðir. Af þeim búa um 25 milljónir í Afríku sunnan Sahara.
HIV er alvarlegur og lífshættulegur sjúkdómur þróist hann án meðferðar.
Eitt af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna var að stöðva útbreiðslu
hans fyrir árið 2015. Þótt það markmiði náist sennilega ekki njóta sífellt
fleiri HIVsmiðra meðferðar með lyfjagiðf sem bætir líðan og lengir líf
þeirra en hægt er að greina HIVsmit með einfaldri blóðprufu. Í lok árs 2013
nutu nær 12 milljónir HIVsmiðra lyfjameðferðar.

Fátækt, ranghugmyndir um smitleiðir, fordómar og skaðlegar venjur eins
og limlestingar á kynfærum kvenna og það að skera úf úr koki barna eru
þættir sem vinna þarf með til að hefta frekari útbreiðslu sjúkdómsins á
starfssvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku.

Eitt af meginmarkmiðum stofnunarinnar er að hlúa að og bæta aðbúnað
alnæmissjúkra og aðstandenda þeirra og koma í veg fyrir frekari útbreiðslu
HIV. Spyrnt er gegn fordómum í garð alnæmissjúkra og unnið er með
skoðanaleiðtogum að því að látið verði af skaðlegum venjum.



heilsa



börn

Epíópía Indland
UGANDA
Malaví

Vatn, húsaskjól og skólaganga skiptir sköpum

Sérhvert barn á meðfæddan rétt til lífs, að það megi lifa og þroskast, segir í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í því felst rétturinn til heilsu, umönnunar, fæðis, klæðis, húsaskjóls, skólagöngu og verndar gegn ófriði og ánað.

Skortur á vatni og landgæðum, sjúkdómar, fátækt, misskipting auðs innan og milli samfélaga, náttúruhamfarir og ótryggt ástand kemur þó í veg fyrir að börn víða um heim njóti þessara grundvallarréttinda.

Á Indlandi eiga börn Dalíta sem líða fyrir stéttaskiptingu á hættu að verða hneppt í skuldaánað, í Úganda líða börn skort vegna heilsuleysis foreldra sem komnir eru með alnæmi eða hafa látist af völdum sjúkdómsins. Víða í Afríku sunnan Sahara, svo sem í Epíopíu, Malaví og Úganda, kemur það oftast nær í hlut stúlkna að sækja vatn um langan veg og þar með minnkast á tími sem þær hafa til skólagöngu.

Börn í örbirgð og börn á eigin vegum eru markhópur í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar.

Börnum stéttlausra á Indlandi hjálpað úr skuldaánað

Skóli og heimavist rekin fyrir
börn stéttlausra og þannig
komið í veg fyrir að þau verði
hneppt í skuldaánað

Börn stéttlausra fá fæði,

klæði og aðgang að heilsugæslu

Skólar í Epíopíu fá kennslu- og
námsgögn

Hús og vatnstankar eru

reist í Úganda fyrir eftirlifandi börn

fólks sem látist hefur vegna

alnæmis og þeim útvegaður

húsbúnaður

Kamrar reistir, handþvottaaðstaða

og aðstaða til þvotta

Sálrænn stuðningur veittur
og ráðgjöf í lífsleikni

Börn sem fyrirvinnur fá aðstoð við

að finna leiðir til framfærslu

Samvinna er við staðaryfirvöld um

leiðir til að fjölga stúlkum í skóla og

til að koma í veg fyrir brottfall þeirra

Malaví **Epíópía**
Uganda

Með því að grafa vatnsbræð og
brunna er tíminn sem það tekur
stúlkur og konur að sækja
vatn stýttur verulega

Sparhlóðir eru innleiddar en þær
draga úr vinnuálagi á konur
**Konur fá þjálfun í
atvinnurekstri**

Konum veitt örlán svo þær geti
hafið rekstur

Konur fá fræðslu um
viðskiptatækifæri, sparnaðar- og
lánamöguleika

Fræðsla veitt í samfélaginu um
réttindi kvenna og um skaðsemi
limlestingar kynfæra kvenna

Samvinna við
skoðanaleiðtoga um afnám
skaðlegra venja

Samvinna við yfirvöld og foreldra til
að halda stúlkum í skóla

Að efla völd og áhrif kvenna er að efla samfélagið

Víða um heim standa konur frammi fyrir því að hafa takmarkaðan aðgang að menntun, atvinnu, eignarhaldi og ákvarðanatöku í samfélaginu. Í Afríku sunnan Sahara er fátækt talin stærsta hindrunin í vegi stúlkna sem vilja sækja skóla en barnahjónabönd og ofbeldi gegn stúlkum eru það líka. Í fátækari ríkjum heims kemur það oftast í hlut kvenna og stúlkna að sækja vatn, annast um börnin og sjá fjölskyldunni farborða með jarðrækt.

Að gera stúlkum kleift að sækja skóla og konum að standa fyrir eigin atvinnurekstri og ráðstafa tekjum af honum bætir ekki bara lífsafkomu þeirra heldur gerir þeim líka kleift að móta sér skoðanir og taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra sjálfra og fjölskyldna þeirra.

Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á að auka möguleika kvenna og stúlkna með því að beina aðstoð til þeirra sérstaklega. Við teljum að með því að efla efnahagslegt öryggi og réttindi kvenna nýtist aðstoðin fjölskyldum og samfélagi best.



konur



umhverfið

Umhverfisvernd er forsenda sjálfbærrar þróunar

Náttúruhamfarir eins og flóð og þurrkar sem leiða til vatns- og fæðuskorts bitna harðast á fátækustu samfélögum heims. Fátæku fólki stafar því umfram aðra hættu af hnignun umhverfisins sem oft starfar af skeytingarleysi. Eftir því sem skógar minnka og landeyðing eykst þurfa konur og börn að verja meiri tíma í leit að eldiviði. Tíma sem annars væri varið til skólagöngu og framleiðslu. Umhverfisvernd er þannig hvoru tveggja í senn forvörn gegn náttúruhamförum og lykillinn að farsælli þróun samfélaga.

Umhverfisvernd er aðaláherslumál Alþjóðahjálparstarfs kirkna ACT Alliance á alþjóðavettvangi þar sem samtökin hvetja alþjóðasamfélagið til ábyrgðar. Í verkefnum á vettvangi leggur Hjálparstarf kirkjunnar áherslu á fræðslu um umhverfismál og aðgerðir sem vernda umhverfið og snúa við hættulegri þróun þar sem hún á sér stað. Þekking heimafólks á aðstæðum er nýtt til þess að vinna sjálfbærum aðferðum fylgis svo sem um að nota nýjar tegundir og aðferðir við ræktun og skepnuhald.

Í öllum verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar eru forvarnir gegn flóðum, þurrkum og öðrum áhrifum veðurfarsbreytinga fléttaðar inn í starfið.

Eþíópía, Malaví Uganda

Aðgangur að vatni
tryggður með brunnun,
vatnsþróim og vatnstönkum
**Trjágræðlingar ræktaðir
og gróðursettir til að binda
vatn í jarðveg og mynda
seinna skugga fyrir
aðra ræktun**

Fræðsla veitt um hvernig best
sé að undirbúa jarðveg
fyrir ræktun, um kosti áveitu
og ágæti taðs sem áburðar
**Nýjar tegundir kynntar til jarðræktar
og fræðsla veitt um kosti
víxlræktunar fjölbreyttra og
þurrkapolinna fæðutegunda**

**Fræðsla veitt um hvernig auka
má geymslupól uppskerunnar
Bændur fá plóga og skóflur**
Sparhlóðir sem minnka
eldiviðarþörf og draga
úr reykmenkun innleiddar
Fræðsla veitt um dýrasjúkdóma
og bólusetningu

Þjálfun veitt í að afla dýrafóðurs
Fræðsla veitt um afleiðingu
ofbeitar

Filippseyjar Sýrland

Aðgangur tryggður að hreinu vatni og hreinflætisaðstöðu

Matvælum og ílátum dreift
sem og grunnhúsbúnaði

Bráðabirgðaskýli reist og gert við löskuð hús

Aðgangur að heilsugæslu tryggður
Skólasterfi haldið úti
fyrir börn

Áfallahjálp og sálrænn stuðningur veittur börnum og unglingum

Unnið með einstaklingum
og hópum við að auka
meðvitund og efla færni
samfélagsins í að bregðast
við neyðarástandi

Að svara brýnni þörf þeirra varnarlausu

Náttúruhamfarir eru mun mannskæðari í fátækari ríkjum heims en í þeim ríkari þar sem þau fátæku hafa hvorki viðbúnað né viðbragðsgetu á við þau betur stæðu. Flest fórnarlömb vopnaðra átaka í heiminum eru óbreyttir borgarar, ekki síst þeir fátækustu; sjúkir, fatlaðir, konur og börn. Það er sammannleg skylda að bregðast við og aðstoða berskjölduð fórnarlömb hamfara hvar og hvernig svo sem þær dynja á.

Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að Alþjóðahjálparstarfi kirkna ACT Alliance sem ásamt því að vinna að þróunarsamvinnu veitir neyðaraðstoð í kjölfar náttúruhamfara og vegna vopnaðra átaka. Aðstoðin er veitt án skilyrða og aðgreiningar og fer fram eftir alþjóðlegum stöðlum um neyðaraðstoð og ströngum siðareglum.

Á starfsárinu veitti Hjálparstarf kirkjunnar neyðaraðstoð í gegnum ACT Alliance vegna stríðsátaka í Sýrlandi og náttúruhamfara á Filippseyjum. Á átakasvæðum í Sýrlandi var leitast við að uppfylla grunnþarfir hinna stríðs- hrjáðu. Áhersla var lögð á vernd og aðstoð til handa konum og börnum á vergangi í landinu og flóttafólki í nágrennalöndum. Í kjölfar fellibylsins Haiyan sem reið yfir Filippseyjar var áhersla lögð á að aðstoða þá varnarlausu; börn, einstæðar mæður, fatlaða og fjölskyldur sem höfðu misst lífsviðurværi sitt.



neyðaraðstoð



Samtal um leiðir út úr aðstæðum Tekjulágar barnafjölskyldur fengu inneignarkort í matvöruverslanir

Aðstoð var veitt vegna lyfiakaupa
Sjálfbærnið var úthlutað
notuðum fatnaði

Foreldrar barna og unglinga í
grunnskóla fengu inneignarkort
fyrir námsgögnum

Styrkir voru veittir til
íþróttaiðkunar og
tómstundastarfs barna og unglinga

Ungmennn í
framhaldsskólum
fengu námsstyrk

Fjármálaráðgjöf var veitt
Boðið var upp á sjálfstyrkingarnám-
skeiðið

Elda-Sauma-Skipta um kló
Fimm daga sumarfrí fyrir
efnalitlar barnafjölskyldur var
skipulagt á Úlfjótssvatni

Fjölskyldur fengu gjafakort til
sameiginlegrar afþreyingar
Sérstök jólaaðstoð var veitt í
desember

Málsvarastarf fór fram á
ýmsum vettvangi

Farsæld – fyrir alla

Á árinu 2013 bjuggu tæp 2% landsmanna við verulegan skort á efnis-
legum gæðum. Samkvæmt Hagstofunni þýðir það að hafa lent í van-
skilum með lán, hafa ekki haft efni á fríi með fjölskyldunni, kjöt-, fisk-
eða grænmetismáltíð annan hvern dag, ekki getað mætt óvæntum
útgjöldum, ekki haft efni á heimasíma eða farsíma, sjónvarpstæki,
þvottavél, bíl eða nægjanlegri húshitun. Í hverjum mánuði starfsársins
fengu að jafnaði um 200 fjölskyldur sem búa við fátækt efnislega aðstoð
hjá Hjálparstarfi kirkjunnar.

Markmið stofnunarinnar er að rjúfa vítahring fátæktar og félagslegrar
einangrunar. Aðferðin í starfinu er að hvetja fólk og styrkja til þess að
það geti nýtt hæfileika sína og getu til að vera virkt í samfélaginu. Fé-
lagsráðgjafar veita ráðgjöf og stuðning og vísa fólki á úrræði í sam-
félaginu. Faglegt mat ráðgjafanna liggur til grundvallar efnislegs stuðn-
ings sem veittur er án tillits til trúar, þjóðernis, litarháttar, kyns eða
lífsskoðana.

Sérstakt markmið á starfsárinu var að stuðla að bættri sjálfsmynd með
sjálfstyrkingarnámskeiði og að veita efnalitlum barnafjölskyldum tæki-
færi til samveru og sameiginlegrar afþreyingar með skipulögðu sumar-
fríi í samstarfi við Hjálpræðisherinn á Íslandi. Þannig gafst tækifæri til að
skapa góðar minningar sem efla mikilvæg fjölskyldutengsl og styrkja
sjálfsmynd barnanna sem upplifa samanburð við betur stæða félaga.



Breytendur vilja réttlátt samfélag

Breytendur – Changemaker á Íslandi er ungliðahreyfing Hjálparstarfs kirkj-
unnar sem hefur það að markmiði að gera heiminn að sanngjarnari og
réttlátari stað með jákvæðum og raunhæfum aðferðum. Með samveru,
fræðslu og kynningarstarfsemi er markmiðið að vekja fólk til umhugsunar
um óréttlæti í heiminum og leiðir til að breyta því.

Breytendur leggja mikla áherslu á mikilvægi sanngjarnra viðskipta á heims-
vísu, umhverfisvernd og virðingu fyrir mannréttindum. Starfið er opið öll-
um á aldrinum 13 – 30 ára sem láta sig þessi málefni varða. Breytendur á
Íslandi eru hluti af alþjóðlegu hreyfingunni Changemaker sem á rætur sín-
ar að rekja til Noregs og starfar nú þar, í Finnlandi, Ungverjalandi, Hollandi,
Keníu, Pakistan og víðar.

Breytendur hvetja einstaklinga og stjórnvöld til aðgerða með nýstárlegum
aðferðum eins og til dæmis með því að afhenda borgarstjóra stafla af
undirskriftum á endurnýttum mjólkurfernum þegar hvatt var til aukinnar
flokunar heimilissorps og með því að spígspora um miðbæ Reykjavíkur
sem uppvakningar til að mótmæla olíuvinnslu á Drekasvæðinu.

www.changemaker.is


*Herferðinni Auðveldum endurvinnslu
lauk um haust með áskorun til
borgarstjóra um að auka flokkun
heimilissorps*

*Herferð gegn vinnslu olú
á Drekasvæðingu var undirbúin
um vetur og framkvæmd um vor
Þjáðarfok, helgamámskeið fyrir
nýliða var haldið á Seltössi
á haustönn*


*Nýr hópur hóf störf í
Laugarneskirkju sem
stóð fyrir fræðslufundum,
tónleikum og jákvæðum
gjörningum í nærumhverfinu
Alþjóðlegur fundur
Changemaker á Íslandi
í júlí var undirbúinn*

*Fjóröflun fyrir verkefni
Hjálparstarfs kirkjunnar
fyrir jól var með sölu
Friðarljósa og gjafa-
bréfanna Gjör sem gefur
Facebook og heimasíða
voru notuð til að koma á
framfæri upplýsingum
um áherslumálefni*

Tekjur námu 208 milljónum króna



192,5 milljónum varið til verkefna




Söfnunarfé og útgjöld

Tekjur stofnunarinnar frá 1. júlí 2013 til 30. júní 2014 námu 208 milljónum króna. Þrjár safnanir voru á starfsárinu; söfnun fermingarbarna í nóvember og jóla- og páska söfnun. Fastir styrktarmenn, regluleg framlög presta og sókna, styrktarlínur í fréttablaðið, kertasala, minningarkort og gjafabréf skila starfinu einning mikilvægum tekjum. Þá hefur Hjálparstarf kirkjunnar notið góðs af stuðningi stjórnvalda við verkefni á sviði þróunarsamvinnu og neyðaraðstoðar.

Framlög til verkefna

79,2 milljónum var varið til þróunarsamvinnu og 27,7 milljónum til neyðaraðstoðar. 77,8 milljónum var varið til verkefna innanlands. Fræðslu- og kynningarstarf kostaði 7,8 milljónir. Hjálparstarfið hefur á árinu varið 266,8 milljónum til verkefna og reksturs. Af söfnunarfé sem eftir er í lok starfsársins, 181,7 milljón króna, hefur stofnunin eyrnamerkt og skuldbundið sig til að greiða um 164 milljónir vegna langtíma verkefna.

Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 266,8 milljónum króna





English Summary

Independant member in a global cooperation

Icelandic Church Aid, founded in 1969, initiates and coordinates emergency assistance and development work on behalf of the National Church of Iceland. ICA has seven staff members, is governed by a council of representatives that meets twice a year and an executive board of five members.

ICA runs projects at home and funds projects abroad, bilaterally and through its membership of the Lutheran World Federation, an alliance of 144 churches and church related organisations in 79 countries, representing over 72 million people. LWF runs successful development work in 33 countries. Through LWF, ICA has access to expertise in a very specialized field and is able to direct funds to the poorest of the poor. Through LWF, ICA support projects in Ethiopia and Uganda. All work is in close partnership with local organisations and the people at the grassroot level.

ACT Alliance coordinates emergency assistance on behalf of LWF and the World Council of Churches, as well as long-term development projects and strong advocacy. ACT Alliance works to influence government policies and international organisations for the benefit of developing countries. ACT Alliance is composed of more than 140 member organisations and is supported by 25,000 staff and volunteers. Members mobilise about \$1.5 for its work in 140 countries each year. This year, through ACT Alliance, ICA supported emergency aid to the victims of the super typhoon Haiyan in the Philippines and humanitarian assistance to Syrians suffering from the violence of the civil war in their country.



Water – Source of life

Water is scarce in all our intervention areas in Africa: Ethiopia, Uganda and Malawi. Thus water is the basis of all our work, supporting other components. This year ICA funded water tanks, borehole rehabilitation, shallow wells and cisterns and trained water committees for the maintenance of wells and their surroundings. Purifying tablets were distributed where surface water is used. Latrines were built, hygiene and sanitation taught and practiced for personal needs and the cleanliness of the home and its surroundings.

With more water accessible, irrigation sustained diverse new crops that were used to supplement main crops and improve soil. Tools were supplied as well as training in processing and storing of harvests, food and water. Animal husbandry increased, with training in care, as low productivity and diseases are constraints on farming. Paravets had refresher training in diagnosis and treatment.

A borehole within easy reach saves time. More girls were able to go to school, mothers had more time for childrearing, food production and economic activities. Special cisterns were made to water animals, decreasing considerably the transmission of diseases.

Sustainable livelihoods in a changing climate

The environment may not be a top of the list item when food is scarce and water foul. But sustainability is at the core of the work ICA helps to fund, though beneficiaries all live in absolute poverty. Environmental protection is integrated into water



and livelihood schemes; teaching, training and tools work together to conserve soil along with new species for food and fodder, inter-cropping, manure as fertilizers, tree nurseries, water harvesting and hygiene.

In our projects, government agents, traditional leaders and beneficiaries all receive training on local and international law on conservation, responsible and equitable use of natural resources, along with disaster preparedness linked to drought and floods. Bringing them together links duty bearers and rights holders, increases understanding, explains shortcomings and smoothens cooperation. People understand how water, soil and trees, crops and refuse are all linked together. They understand how a different approach in one area leads to more success in another.

Improving the quality of life of people affected by HIV and AIDS

To counter the devastating effects of HIV/AIDS, ICA provided AIDS orphans with material and psycho-social help. New housing is provided, household items, beddings, mosquito nets, schoolbooks, tools, seeds and much more. But probably most importantly, regular counselling is offered as well as special trauma counselling. Volunteers are trained, thus capacity is built locally.

Traditional birth attendants play a very important role in reducing the risk of HIV-transmission and reinforcing hygiene practices that reduce opportunistic infections. Much needed discussions were continued with the community and leaders to inform about HIV/AIDS, promote testing and support change in sexual behavior. HIV-positive people were involved, simply by coming forth – and telling their stories as many are still convinced that HIV does not exist in their region. This proved to be effective as the reduction of the number of HIV-positive people had come to a halt in many areas. New ways to reach the communities were needed and involving them proved to be successful.

Patients were supported to access anti-retroviral medicine regularly as most live in remote areas. Through our projects, government staff is continually trained to recognize and work with the infected and affected, dealing with the social and economic effects of AIDS.

Education – Key to a better life

ICA has been a long time funding partner of an Indian human rights organization that works to release Dalit and tribal children from bonded labour and enroll them in school. The project is complex for long term results. It includes evening schools, rights education for children and parents and lobbying of government, the public school system, employers and the public to help abolish child labour and promote acceptance of Dalit and tribal children in public schools.

Parents are helped to generate more income so they will not need loans that usher their children into bonded labour. Children and parents save for school expenses and our partners give matching grants. Preschools for the youngest instill the habit of going to school and teach parents about the benefits of education versus the children following them to unsafe work places. Every aspect is thought through to avoid all possible pitfalls, as children dropping out, parents cashing a new loan or intimidation. Awareness raising and encouragement to take action is a constant component of the project. Parents need to be informed about the dangers of child marriages, official benefits available in different situations and much more no one has cared to promote to this class of people.

ICA supporters also sponsor children in boarding schools for primary, secondary and even university studies. Education, meals, care and time to play offer a better childhood. Partners in Africa work with orphaned children struggling with adult responsi-





bilities, taking care of younger siblings as head of household. They are helped to support themselves through agriculture and other means where education and tools are provided and opportunities created. In all our projects children also benefit indirectly through their parents.

Empowering women to build stronger economies

Our beneficiaries all live in absolute poverty in the harshest environments; desert areas, flood plains or river banks. Not because it is their choice. It is all they can afford. To develop their skills to fight for their own rights, ICA's development work is becoming more and more rightsbased.

Drilling for water, food production, healthcare, education, is never just that. Beneficiaries participate fully in projects, learning not only new methods and improving their daily lives, but more importantly also about their rights and how to claim them. They learn about laws and customs that keep them in poverty and how to change them. Our partners form workers' unions for those that have been systematically excluded and have missed out on rights and benefits offered.

We train people, especially women, to assess their situation, put their ideas into words and claim their place at the decision making table. Extensive work is done with traditional and religious leaders, government agents and institutions to influence behavior change and recognize the various aspects of poverty and how funds and services can be channelled to reduce it.

Counselling and assistance at home

ICA provides assistance all over Iceland through pastors and social workers. Single



parents, the unemployed, the disabled and others with low incomes or living off benefits seek assistance with food and groceries through gift cards in food stores, medical bills, clothing, school and hobby necessities for their children and more.

ICA seeks to be professional in its intervention with people in need, responding to individual cases in an appropriate manner. Interviews, preceding every delivery of assistance, provide important information. Through them, ICA's social workers can constantly monitor the situation and adapt its aid to needs.

All applicants are encouraged to go for counselling, a part of ICA's service that has much increased. Deeper, long term family and individual counselling and financial counselling are well appreciated options. Several youngsters receive special support to finish secondary schooling and adults are supported in rehabilitation and further studying to be able to join the job market. Recording of relevant data helps ICA lobby for support measures from government and municipalities on the basis of reliable data.

Changemakers – for a just world

Changemakers, ICA's youth movement, fights global warming, unfair trade, debt, violence and HIV/AIDS, with positive actions in their home country, Iceland. They visit schools, organise workshops and happenings, publish brochures, aim to influence the government and engage the public in conversation. This year the group organised a happening to protest against the agreed exploration campaign for oil in the Dreki area in Icelandic waters. Changemakers in Iceland cooperate with their counterparts in Norway and other countries. Participants are 13-30 years old working for a better world – having fun doing it.

gjöfsemgefurgjöfsemgleður
gjöfsemgaggargjöfsem
gengurgjöfsemgefurgjö
fsemgaggargjöfsemgengur
gjöfsemgleðurgjöfsemgagg
ar gjöfsemgefurgjöfsemgleð
urgjöfsemgaggargjöfsem-
gengurgjöfsemgefurgjö
fsemgaggargjöfsemgengur

Stjórn og starfsfólk

Hjálparstarfs kirkjunnar 2013-2014:

Stjórn:

Ingibjörg Pálmadóttir fyrrverandi ráðherra, formaður
Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur
Páll Kr. Pálsson hagverkfræðingur

Varamenn:

Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur
Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri

Starfsfólk:

Anna M. Þ. Ólafsdóttir var verkefnastjóri erlendra verkefna í 75% starfi til septemberloka 2013
Atli Geir Hafliðason hefur umsjón með lager, sölu Friðarljósa o.fl.
Áslaug Arndal sér um skrifstofuhald og fósturbörn
Bjarni Gíslason var fræðslu- og upplýsingafulltrúi til áramóta og framkvæmdastjóri frá janúar 2014
Jónas Þ. Þórisson framkvæmdastjóri lét af störfum um áramót 2013 - 2014
Kristín Ólafsdóttir er fræðslu- og upplýsingafulltrúi frá janúar 2014
Ólöf Benediktsdóttir leiðir starf Breytanda (eint. Breytönd) í 20% starfi
Sædís Arnardóttir er félagsráðgjafi í 50% starfi
Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi er umsjónarmaður innanlandsstarfs

Heimilisfang:

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík · Sími: 528 4400 · www.help.is
<https://www.facebook.com/hjalparstarf.kirkjunnar>

Ljósmyndir


ACT Alliance/Paul Jeffrey: Forsíða, bls. 2, 4, 11, 12, 15, 20, 22 og 24

Hjálparstarf kirkjunnar: Aðrar myndir


Hönnun: Margrét E. Laxness

Prentun: Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja


Total Income 208 million ISK



Expenditure for Projects 192,5 million ISK



Total Expenditure 266,8 million ISK



Á heimasíðu Hjálparstarfs kirkjunnar www.help.is eru allar upplýsingar um starfið og þaðan getur þú sent minningarkort, keypt gjafabréf eða gefið framlag.

Gjöf sem gefur er óvenjuleg tækifærisgjöf sem gleður af því að hún heldur áfram að gefa. Á gjafavefnum okkar www.gjofsemgefur.is og á skrifstofunni hjá okkur finnur þú úrval gjafabréfa fyrir afmælisbarnið, útskriftarnemann og þau nýgiftu. Já, eiginlega bara fyrir hvaða tilefni sem er. Meðal geita og hæna finnur þú grænmetisgarð, saumavél og vatn fyrir tuttugu manns. Þar er líka að finna reiðhjól, skóladót, Pollasjóð sem styrkir börn til tónlistarnáms á Íslandi og þrjátíu önnur gjafabréf.

Ef ekkert sérstakt stendur til en þig langar að leggja þitt af mörkum þá ferðu inn á www.framlag.is og velur málefni sem þú vilt styrkja. Þú velur upphæð og gengur frá málinu. Eða hringdu til okkar. Við gerum þetta allt í gegnum síma líka: **528 4400**.

Fréttablaðið okkar **Margt smátt...** kemur út fjórum sinnum á ári. Láttu okkur vita ef þú vilt ókeypis áskrift. Viltu auglýsa í blaðinu? Það styrkir upplýsingastarfið sem hvetur aðra til að til að taka þátt í starfinu.

Heimasíða: www.help.is

Facebooksíða: [hjalparstarf.kirkjunnar](https://www.facebook.com/hjalparstarf.kirkjunnar)

Gjafabréf: www.gjofsemgefur.is

Framlög: www.framlag.is

Ungliðahreyfing: www.changemaker.is



THE
LUTHERAN
WORLD
FEDERATION

actalliance